Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla 18. janúar 2017

Fundarmenn: Þórdís Guðmundsdóttir og Guðrún Gerður Steindórsdóttir, fulltrúar foreldra. Sigurveig Sæmundsdóttir, fulltrúi grenndarsvæðis. Anna Þóra Jónsdóttir og Anna Ágústa Hauksdóttir, fulltrúar kennara. Anna Laxdal, fulltrúi annarra starfsmanna. Sonja Lind Sigsteinsdóttir 7. BÓ og Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir 7. BÓ, fulltrúar nemenda. Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

1. **Viðhald byggingar að utan**. Lengi hefur staðið til að gera við útveggi vesturálmu sem eru orðnir illa farnir. Búið er að úthluta fjármagni og vonir standa til þess að framkvæmdir hefjist fljótlega. Einnig þarf að laga leka við glugga á allri norðurhliðinni. Foreldrafélagið beðið um að aðstoða skólann við að ýta á eftir framkvæmdum t.d. á fundum *Grunnstoða* með bæjarstjóra ef þörf krefur.
2. **Skólalóð**. Stjórnendur skólans hafa farið fram á að skipt verði um undirlag á leikvelli skólans og að einnig verði tveimur rólum skipt út. Þær eru orðnar hættulegar. Vonast er til þess að bærinn verði við þessu. Ef einungis verður skipt um undirlag eru foreldrar beðnir um að þrýsta á og jafnvel aðstoða við að kaupa nýjar rólur.
3. **Skólamatur – kynning á könnun.** *Skólamatur* gerði könnun meðal forráðamanna á viðhorfum til matarins. Ánægja í Hofsstaðaskóla er meiri en gengur og gerist meðal allra þeirra sem eru í mat hjá *Skólamat*. Ánægja hefur aukist og biðraðir eru styttri. Viðmót starfsmanna Skólamatar kemur verr út en árið 2015. Lengd matartíma þykir ekki næg. Upplifun af því er mismunandi og nefna foreldrar að börnum þeirra þyki of mikill hávaði og læti í salnum og sumir að tíminn sé of stuttur. Starfsmönnum þykir sá hópur sem er allt of fljótur að borða og borðar lítið of stór og er sífellt reynt að hafa áhrif á þá. Fulltrúar nemenda telja það vera n.k. hefð eða óskráða reglu að það sé hávaði í matsalnum. Lagt var til að kanna hvort setja megi upp skilrúm í matsalnum til þess að bæta hljóðvistina. Lögð áhersla á að vinna með hávaða og umbuna þegar nemendur standa sig vel. Skerpa þurfi á reglum.
4. **Skóladagatal.** Aðstoðarskólastjóri lagði fram tillögu skólastjórnenda í Garðabæ að skóladagatali næsta skólaárs. Dagatalið er samræmt leikskólum. Tillagan er um margt lík því dagatali sem er fyrir þetta ár. Fyrir utan það að lagt er til að 2. janúar 2018 verði jólaleyfisdagur og skipulagsdagur 10. janúar. Vetrarleyfi er staðsett mitt á milli jóla- og páskaleyfis og færa skólastjórnendur rök fyrir því að hafa það á þessum tíma. Um er að ræða vikuna sem Bolludagur og „bræður hans“ eru í. Slík þykir faglegra m.t.t. skipulags námsins. Skólaráðsmenn leggja ríka áherslu á að vetrarleyfið verði viku síðar og haldið verði í íslenskar hefðir og haldið verði upp á öskudaginn á hefðbundinn hátt í grunnskólum. Hefðir á bolludag og sprengidag þykja líka mikilvægar í skólastarfi og því að allir nemendur njóti þeirra og fræðslu tengda þeim. Fulltrúar foreldra spyrja um skipulagsdaga sem ekki liggja að helgum. Þeir eru tveir af fimm og er skýringin sú að í vinnureglum *Sambands sveitarfélaga* um skóladagatal er kveðið á um að dreifa skuli skipulagsdögum jafnt á vikudaga eins og kostur er. Skólaráð þarf að skila umsögn og gera stjórnendur tillögu að henni í samræmi við umræðuna á fundinum og senda á skólaráðsmenn sem geta samþykkt rafrænt.
5. **BOYD – MET kynning á reglum varðandi snjalltæki í skólastarfi.** Reglur kynntar og bréf til foreldra um MET samning kynntar.
6. Önnur mál.
    a. Spurt hvort hægt sé að fá fleiri hjólagrindur svo ekki þurfi að festa hjól við grindverk. Nemendur beðnir um að aðstoða við að finna staðsetningu fyrir fleiri hjólagrindur.
    b. Foreldri biður skólastjóra um að senda enn eitt bréfið til foreldra um hringtogið. Hún telur ástandið lagast fyrst eftir að bréfin eru send út. Bent á að fá skilti sem segir að

bannað sé að leggja bifreiðum í hringtorginu. Ömmur og afar átta sig oft ekki á því hvernig á að bera sig að. Rætt um það að nemendum er skutlað allt of mikið í skólann. Í góðu veðri er ekkert að því að börnin gangi heim.

c. Spurt um fjölda í tómstundaheimilinu. Þar eru 240 börn og ekki nóg af starfsfólki. Aðstoðarskólastjóri sagði frá því að horfur fyrir næsta skólaár eru að þar fjölgi enn og nauðsynlegt sé að bregðast við með því að taka einungis inn börn í samræmi við fjölda starfsmanna sem tekst að ráða. Mikilvægt er að tryggja öryggi allra barna sem eru á tómstundaheimilum. Yngstu börnin ættu þá forgang og hin kæmust að eftir því sem starfmannafjöldi verður nægur. Ekki eru settar hömlur á ráðningar en vandinn er að fá starfsfólk.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir